



Stjórnsýsluréttur fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkisins, ráðuneyta og stofnana, Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga - námskeið 30. janúar – 8. mars 2017.

Í fjórtánda skiptið býður Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ, í samstarfi við forsætisráðuneytið, Reykjavíkurborg og Félag forstöðumanna ríkisstofnana, upp á sex vikna námskeið um stjórnsýslulögin og stjórnsýslurétt fyrir þá starfsmenn ríkisins (ráðuneyta og ríkisstofnana) og starfsmenn sveitarfélaga, sem koma að meðferð mála og undirbúningi ákvarðana í stjórnsýslunni. Þótt námskeiðið sé fyrst og fremst ætlað ólöglærðum getur það einnig nýst lögfræðingum til upprifjunar. Nemendur munu lesa kennslurit, hlýða á fyrirlestra, taka þátt í umræðum og leysa verkefni sem farið verður sameiginlega yfir í tímum.

Kennarar: Umsjónarmaður er Trausti Fannar Valsson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands. Aðrir kennarar eru Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis og Særún María Gunnarsdóttir skrifstofustjóri hjá umboðsmanni Alþingis.

Kennsluefni: Innifalið í námskeiðsgjöldum eru ljósrituð kennslugögn, en nemendur afla sjálfir fræði- og kennslurita, sem líklega eru flest til hjá viðkomandi stofnun eða fást keypt í Bóksölu stúdenta (sjá lista hér að neðan).

Tímasetning: Kennt verður í alls 54 kennslustundir, í 12 skipti tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum milli kl. 13:00- 16:00. Námskeiðið hefst 30. janúar og lýkur 8. mars.

Staðsetning: Kennt verður í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð, í stofum H 205 og Bratta.

Á námskeiðinu verður farið yfir málsmeðferðarreglur sem notaðar eru við töku stjórnvaldsákvarðana á fyrsta stjórnsýslustigi. Helstu lög sem kennd verða eru stjórnsýslulög nr. 37/1993 og upplýsingalög nr. 140/2012 auk þess sem gerð verður grein fyrir ýmsum óskráðum meginreglum stjórnsýsluréttarins.

Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning og nái tókum á helstu réttarreglum um meðferð stjórnsýslumála þar sem taka á stjórnvaldsákvarðanir. Því meginmarkmiði má skipta upp í tvö undirmarkmið:

1. Þekking / skilningur

- Að nemendur þekki meginhugtök stjórnsýsluréttarins
- Kunni þær meginreglur sem stjórnsýslukerfi ríkisins er byggt á.
- Kunni þær málsmeðferðarreglur sem fylgja ber við töku stjórnvaldsákvarðana.
- Öðlist innsýn í meginvandamál stjórnsýslunnar við meðferð stjórnsýslumála og geri sér grein fyrir þeim leiðum sem eru færar til þess að leysa þau.

2. Færni / leikni

- Nemendur nái valdi á því að beita málsmeðferðarreglum stjórnsluréttarins.
- Nemendur gera raunhæf verkefni sem farið verður yfir í tíma.
- Nemendum ber að taka virkan þátt í umræðum í tímum.

Námsefnislisti: Birt með fyrirvara um breytingar:

Bækur og bókahlutar:

- 1) Páll Hreinsson: Stjórnslulögin – skýringarrit, Reykjavík 1994.
- 2) Starfsskilyrði stjórnvalda. Forsætisráðuneytið, Reykjavík 1999. (Skýrslan er aðgengileg á www.althingi.is/altext/125/s/0376.html.)
- 3) Fjölrit með völdum greinum um stjórnslurétt. (Fjölritinu verður dreift í upphafi á námskeiðinu í ljósríti – önnur rit útvega nemendur sér sjálfir.)

Kennsluáætlun:

1. kennsludagur; þriðjudagurinn 30. janúar kl. 13.00-16.00

Kennari: Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis.

Lýsing: Í upphafi kynnr Trausti Fannar Valsson uppbyggingu námskeiðs, lesefni og aðra þætti. Tryggvi mun svo fjalla með almennum hætti um stjórnslukerfið, hlutverk og ábyrgð stjórnvalda, helstu réttarreglur sem á reynir við framkvæmd stjórnslu, stjórnslulögin og aðdraganda að setningu þeirra.

Lesefni: Páll Hreinsson: Stjórnslulögin – Skýringarrit, 19-40.

2. kennsludagur; fimmtudagurinn 1. febrúar kl. 13.00-16.00

Kennari: Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

Lýsing: Gildissvið stjórnslulaga. Til hvaða aðila taka lögin? Til hvaða athafna taka lögin?

Lesefni: Páll Hreinsson: Stjórnslulögin – Skýringarrit, 41-53.

3. kennsludagur; þriðjudagurinn 6. febrúar kl. 13.00-16.00

Kennari: Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

Lýsing: Hugtakið aðili máls og valdmörk stjórnvalda.

Lesefni: Páll Hreinsson: Stjórnslulögin – Skýringarrit, 50-53 og 55-88, og Páll Hreinsson: Valdmörk stjórnvalda. Grein sem birt var í Tímariti lögfræðinga 2005. Verður dreift til nemenda í fjölríti.

4. kennsludagur; fimmtudagurinn 8. febrúar kl. 13.00-16.00

Kennari: Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

Lýsing: Hæfisreglur stjórnslulaga.

Lesefni: Páll Hreinsson: Stjórnslulögin – Skýringarrit, 55-57 og 65-88, sem og valin álit umboðsmanns Alþingis og dómur Hæstaréttar, sem vísað verður til fyrir tímann.

5. kennsludagur; þriðjudagurinn 13. febrúar kl. 13.00-16.00

Kennari: Særún María Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri hjá umboðsmanni Alþingis.

Lýsing: Upphaf stjórnslumáls. Leiðbeiningarskylda stjórnvalda. Málshraðareglan. Svarreglan.

Lesefni: Páll Hreinsson: Stjórnslulögin – Skýringarrit, 91-104 og 181-182. Hafsteinn Dan Kristjánsson og Særún María Gunnarsdóttir: Skýrleikareglan og svarreglan í stjórnslurétti, bls. 277-293, birt í Afmælisriti Tryggva Gunnarssonar 2015. Verður dreift í fjölríti.

6. kennsludagur; fimmtudagurinn 15. febrúar kl. 13.00-16.00

Kennari: Særún María Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri hjá umboðsmanni Alþingis.

Lýsing: Rannsóknarreglan.

Lesefni: Páll Hreinsson: Stjórnsýslulögin – Skýringarrit, 105-117. Valin álit umboðsmanns Alþingis.

7. kennsludagur; þriðjudagurinn 20. febrúar kl. 13.00-16.00

Kennari: Særún María Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri hjá umboðsmanni Alþingis.

Lýsing: Andmælaþreglan.

Lesefni: Páll Hreinsson. Stjórnsýslulögin – Skýringarrit, 161-206. Valin álit umboðsmanns Alþingis.

8. kennsludagur; fimmtudagurinn 22. febrúar kl. 13.00-16.00

Kennari: Særún María Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri hjá umboðsmanni Alþingis.

Lýsing: Ákvörðunartaka í stjórnsýslumáli, rökstuðningur stjórnvaldsákvæðana, birting og kæruleiðbeiningar.

Lesefni: Páll Hreinsson: Stjórnsýslulögin – Skýringarrit, 207-236.

9. kennsludagur; þriðjudagurinn 27. febrúar kl. 13.00-16.00

Kennari: Trausti Fannar Valsson dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

Lýsing: Upplýsingaréttur

Lesefni: Upplýsingalög nr. 140/2012 ásamt greinargerð sem og valdir úrskurðir úrskurðarnefndar um upplýsingamál, Páll Hreinsson: Stjórnsýslulögin – Skýringarrit, 161-206 og Páll Hreinsson: „Upplýsingaréttur aðila stjórnsýslumáls“, sem dreift verður til nemenda.

10. kennsludagur; fimmtudagurinn 1. mars kl. 13.00-16.00

Kennari: Trausti Fannar Valsson dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

Lýsing: Upplýsingaréttur. Í tímanum verða jafnframt nokkur raunhæf verkefni kynnt fyrir nemendum.

Lesefni: Sama og síðast.

11. kennsludagur; þriðjudagurinn 6. mars kl. 13.00-16.00

Kennari: Trausti Fannar Valsson dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

Lýsing: Farið yfir raunhæf verkefni og þau rædd.

12. kennsludagur; fimmtudagurinn 8. mars kl. 13.00-16.00

Kennari: Trausti Fannar Valsson dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

Lýsing: Málefnaleg stjórnsýsla. Lögætisreglan og þjónustugjöld.